

Aðalfundur hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis

Haldinn í matsal Glerárskóla þann 30. Maí 2014

Mættir eru 23 íbúar ásamt stjórninni sem skipa Berglind Rafnsdóttir formaður, Helgi Stefánsson, Óskar Ingi Sigurðsson og Sigrún Elva Briem ritari. Fjarverandi er Guðmundur Geirsson.

Formaður byrjar fundinn kl.20:00, býður fundargesti velkomna og tilnefnir fundarstjóra Óskar Inga Sigurðsson og ritara Sigrúnu Elvu Briem og samþykkja fundarmenn það.

Fundarstjóri fer síðan yfir efni fundarsins sem er skýrsla formanns, miðbæjarskipulag kynnt, kaffiveitingar sem 10. Bekkur Glerárskóla sér um, afhending skilta á gömul hús í hverfinu og loks önnur mál.

Formaður tók til máls og byrjaði á að kynna starfandi nefnd og fara yfir störf nefndarinnar í vetur ásamt því sem framundan er.

1. Kynning á starfi hverfisnefndarinnar í vetur

Formaður sagði frá helstu verkefnum í vetur þ.e. merkingu á gömlum húsum, Seljagarðinn og ósk um málun gangbrauta í hverfinu ásamt ósk um fleiri 30 km merki í hverfið. Íbúum sagt frá hvernig 2 milljónunum frá Akureyrarbæ 2013 var úthlutað en þær fóru í gerð skilta á gömul hús í hverfinu, bekkjar og borðkaup í Seljagarðinn, fjölgun bekkja og rusladalla í hverfið. Glerárskóli fékk styrk til að fegra og bæta útikennslusvæði við Kvenfélagsreitinn. Einnig var sagt frá fundi hverfisnefndar við bæjarráð um nýtingu Umhverfisfjárins og að ekki hefði fengist leyfi til yfirfærslu fjár frá 2013 til 2014 þrátt fyrir loforð bæjaryfirvalda. Ný fjárveiting 2014 mun verða verkefni hverfisnefndar á næsta fundi. Farið var yfir hverfið í heild sinni, að Lönguhlíðar-leikvöllurinn hefði fengið endurnýjun og að einnig væri Sunnuhlíðar-völlur einnig í notkun. Seljagarðurinn sérstaklega kynntur og minnt á að þar yrði séstök opunarhátíð seinni parts sumars á vegum hverfisnefndar. Áfram verður haldið á næsta starfsári að gera garðinn sem bestan fyrir íbúana.

Einnig sagði Berglind frá viðhaldi á gömlu Glerárbrúnni og að laga eigi stíginn í giliinu að virkjunarhúsi. Þetta er verkefni sem hverfisnefnd hefur haft lengi á sinni könnu og fagnar að sjálfsögðu að loks sé komið að því. Áfram verður hugsað um þetta verkefni. Sagt var frá viðtalstímum bæjarfulltrúa í skólanum og fólk eindregið hvatt til að nýta sér það ásamt þeirri reglu hverfisnefndar að vera alltaf viðstaddar þessa viðtalstíma. Að lokum minntist formaður á göngu sem farin hefði verið með stjórnmalaflokki um hverfið en þar mættu Berglind og Helgi til umræðu við göngumenn. Formaður minntist á að í þessari göngu hefði hún tekið eftir hversu snyrtilegt okkar hverfi er og að hún væri stolt af að tilheyra því. Voru það lokaorð formanns.

Skýrsla formanns var samþykkt með lófaklappi og nokkrar fyrirspurnir komu fram.

Næst tók við kosning stjórnar. Óskar óskaði eftir fólki í nefndina en sagði jafnframt gömlu stjórnina ætla að halda áfram. Hverfisnefndin verður nú enn öflugri þar sem 2 nýir aðilar bættust í hópinn og erum við þar með orðin 7. Þeir sem bættust við eru: Sigurður Magnússon og Pétur Örn Birgisson. Stjórnin býður þá velkomna í nefndina.

Þar sem formaður var fljótur að fara yfir skýrslu sína og kosning tók litla stund ásamt því að Miðbæjarkynningin var ekki alveg tilbúin var brugðið á það ráð að bjóða fundarmönnum að fá sér kaffi sem er í boði Hverfisnefndar. 10. bekkur Glerárskóla sá um kaffiborðið, sem var veglegt og notaði hverfisnefndin tækifærið til að styrkja þau til skólaferðalags í vor með kaupum á því.

2. Miðbæjarskipulag kynnt

Ómar Ívarsson kynnti verðandi deiluskipulag miðbæjar Akureyrar og sýndi myndir um hvernig bærinn kæmi til með að líta út. Kynningin var mjög áhugavert. Fundarmenn nýttu tækifærið og spurðu Ómar út í kynninguna um leið og hann hélt hana og nokkrar spurningar bárust Ómari eftir kynninguna. Deiluskipulagið fer fyrir bæjarráð í næstu viku.

Eftir kynningu Ómars voru skiltin afhent.

3. Skilti afhent

Skiltin á gömlu húsin, sem búið var að panta voru afhent til þeirra íbúa sem mættir voru. Hin verða borin í hús til þeirra sem ekki voru á staðnum. Einnig var boðið upp á að hjálpa fólki að hengja þau upp ef fólk ætti í erfiðleikum með það. Hægt er að panta áfram hjá hverfisnefnd skilti á sitt hús og skal fólk setja sig í samband við hlidarholt@akureyri.is

Önnur mál:

4. Hverfisleikskóli

Fyrirspurn barst hvort að væri ekki fyrirhugað að koma með hverfisleikskóla, þar sem að íbúum finnst mikil þörf á því og yrði hvatning fyrir barnafólk að flytja í hverfið. Í hverfinu eru nú 2 leikskólar. Hlíðarból sem er einkarekinn leikskóli og Holtakot sem hefur 37 pláss.

5. Leikvöllur í niðurníðslu

Ábending barst frá íbúa við Litluhlíð um að leikvöllurinn þar væri í mjög lélegu ásigkomulagi og jafnvel hættulegur börnum. Ætlar hverfisnefnd að skoða þetta mál nánar.

6. Krossanesbrautin mjög hættuleg börnum

Fyrirspurnir og ábendingar bárust frá íbúum sem telja Krossanesbrautina mjög hættulega vegna mikils umferðarpunga, þar sem að stórir atvinnubílar og mjög mikil og hröð umferð fer þarna um. Komu hugmyndir um hvort að væri hægt að setja hraðahindranir, 30 km götu og börn að leik skilti. Skal það ítrekað að fólk er mjög áhyggjufullt yfir þessu. Hverfisnefnd telur þetta vera næsta verkefni nefndarinnar og verður þetta skoðað mjög ítarlega.

Aðalfundi hverfisnefndar Holta- og hlíðahverfis var slitið kl. 21:30 með þökkum formanns fyrir komuna. Fundargestir sátu svo aðeins lengur og ræddu málin og fengu sér meira kaffi.

Ritað, Glerárskóli 30.apríl 2014.

Sigrún Elva Briem